



Viðar þekjandi

Vörunr. 2430

Lýsing

Viðar þekjandi (2430) er þekjandi viðarmálning byggð upp af alkýð/línolíu bindiefnum. Málningin er létt í vinnslu, flýtur vel og myndar þekjandi filmu án þess að viðarmynstrið tapist. Málningin hefur mjög góða smýgni- og vætieiginleika á viðarfleti, ásamt því að mynda vatnsfráhrindandi og veðurþolna filmu og hentar því íslenskum aðstæðum sérstaklega vel. Viðar þekjandi inniheldur efni sem verja viðinn gegn niðurbrotsáhrifum sólarinnar og efni til varnar gegn sveppa- og gróðurmyndun.

Notkun

Viðar þekjandi (2430) er ætluð til málunar á nýjan við utanhúss, en er einnig hentug til endurmálunar á fleti áður málaða með hálfþekjandi eða þekjandi viðarvörn.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Staðallitir auk litakerfis	Þurrefni: 35 % (rúmmál)
Gljástig: 40	Þynnir: Terpentína
Pakkningar: 1, 4 og 10 lítra	Áhaldahreinsir: Terpentína
Eðlisþyngd: 1,13 kg/l	Þurrktími: 12-16 klst
Efnisnotkun: 5-8 m ² /l (óheflaður viður)	Yfirmálun: Þegar þurr
9-11 m ² /l (heflaður viður)	

Undirmálning

Viðar grunnvörn (2415) og Viðar grunnmálning (2420).

Áhöld

Rúlla eða pensill.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Verksmiðjugrunnaður og nýr viður, litaður eða grunnfúavarinn viður: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Viðarkvoðu skal skrapa burt og þrifa með terpentínu. Gróður og myglu skal þrifa burt með Ute Mögeltvätt (6205). Á endatré og samskeyti, þar sem vatnsálag getur verið mikið, er nauðsynlegt að metta vel með Viðari grunnvörn (2415). Að lokum eru málaðar 2 umferðir með **Viðari þekjandi** (2430). Álagsfleti s.s. glugga, girðingar og hliðar sem snúa áveðurs skal mála 3 umferðir og skal þynna fyrstu umferð 10 % með terpentínu.

Endurmálun


Við endurmálun á viði er nauðsynlegt að fjarlægja laust og sprungið yfirborð, ásamt öllum óhreinindum, sem gætu spillt viðloðun. Mattið gljáandi fleti með sandpappír. Gróður og myglu skal þrifa burt með Ute Mögeltvätt (6205). Fitu og sót skal þrifa í burt með Málningarhreinsi (6208) og vatni. Bletta skal með **Viðari þekjandi** (2430) þynntu 10 % með terpentínu. Yfirborðið er síðan málað með 1-2 umferðum af **Viðari þekjandi** (2430).

Athugasemdir

- Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.
- Viðurinn skal vera vel þurr (18-20 %) áður en málað er með **Viðari þekjandi**.
- **Viðar þekjandi** hentar ekki á fleti áður málaða með plastþeytumálningum og lökkum.
- **Viðar þekjandi** er ekki skaðlegt gróðri þegar málningin hefur þornað. Verjið hins vegar gróður fyrir efninu þegar málað er.

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Varist innöndun gufu/úða. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.